

## GJALDSKRÁ

### vegna meðhöndlunar úrgangs í Vesturbyggð.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð nr. 214/2004, skv. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samkvæmt gjaldskrá þessari innheimtir Vesturbyggð gjöld til að standa undir kostnaði við förgun úrgangs, þ.m.t. sorphirðu, endurvinnslu, sorpeyðingu sem og uppsetningu og rekstur viðkomandi söfnunarstöðva.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu og er gjaldið 67.138 kr. Innifalið í gjaldinu eru tunnur og losanir í samræmi við 12. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð og tekur gjaldið til:

- 1 stk. 240 lítra tunnu fyrir heimilisúrgang sem losuð er á 28 daga fresti í þéttbýli en 21 dags fresti í dreifbýli.
- 1 stk. 240 lítra tunnu fyrir endurvinnsluefni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli en 21 dags fresti í dreifbýli.
- 1 stk. 120 lítra tunnu fyrir lífrænt efni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli. Þeir aðilar í dreifbýli sem greiða sorphirðugjald geta fengið ílát til moltugerðar.

#### 3. gr.

Sorpeyðingargjald er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Gjaldið er 55.726 kr. fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði og 40.498 kr. fyrir sumarhús.

#### 4. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar í Vesturbyggð greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá sorphirðuverktaka auk sorpeyðingargjalds fyrir fasteignir, sbr. 3. gr.

#### 5. gr.

Á söfnunarstöðvum Vesturbyggðar skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, má þar nefna pappa, plast o.fl. Þá skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á garðúrgangi og óvirkum úrgangi á sérmerktum losunarstöðum í Vesturbyggð.

#### 6. gr.

Sorphirðugjald og sorpeyðingagjald skal innheimt með álögdum fasteignagjöldum ár hvert. Gjald dagar eru þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 389. fundi sínum 13. desember 2023. Gjaldskráin er sett skv. 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir umhverfisgjöld í Vesturbyggð nr. 1495/2022.

*Vesturbyggð, 13. desember 2023.*

**Þórdís Sif Sigurðardóttir** bæjarstjóri.